

1. Almenn:

Fiskeldi Austfjarða (kt. 520412-0930), Nesbala 122, 170 Seltjarnanesi, er með rekstrarleyfi fyrir 9.800 tonna hámarkslífmassa af laxi í Berufirði (FE-1138) sem var gefið út 21. mars 2019 og breytt með viðauka 5. maí 2021. Heimilaður hámarkslífmassi 7.500 tonn frjór lax og 2.300 tonn ófrjór lax sem samræmist áhættumati Hafrannsóknarstofnunar vegna erfðablöndunar frá árinu 2020. Í gildandi rekstrarleyfi er Berufjörður tvö sjókvíaldissvæði með fimm eldissvæðum, Glímeyri, Svarthamrsvík, Svarthömrum, Hamraborg I og Hamraborg II. Fyrirtækið sótti um breytingu á rekstrarleyfi vegna færslu eldissvæða þann 28. apríl 2021.

Matvælastofnun staðfestir að móttækin eru öll þau gögn sem nauðsynleg eru til að Matvælastofnun geti metið hvort skilyrði til breytingar á gildandi rekstrarleyfi skv. 13. gr. reglugerðar nr. 540/2020 og staðfestir að þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 31. maí til 28. júní 2021 og barst engin athugasemd vegna tillögunnar. Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér tilkynnta framkvæmd og ákvörðun Skipulagsstofnunar, og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til breytinga á rekstrarleyfi.

2. Afstaða Matvælastofnunar

Framkvæmd Fiskeldis Austfjarða hf. um breytingu á staðsetningu eldissvæða og útsetningaráætlun var tilkynnt til Skipulagsstofnunar þann 8. janúar 2021. Skipulagsstofnun gaf út ákvörðun þann 28. apríl 2021 þess efnis að framkvæmdin væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum á þeim grunni að framkvæmdin væri ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Framkvæmd Fiskeldis Austfjarða felst í breytingu á staðsetningu og fjölda eldissvæða, þannig að eftir breytingar verði fimm aðskilin eldissvæði í firðinum. Eldissvæðið Hamraborg II verður aflagt og nýju eldissvæði komið fyrir í Gautavík. Sjókvíaldissvæði A sem nær nú yfir þrjú samtengd eldissvæði (Glímeyri, Svartamra og Svarthamarsvík) stækkar og skiptist með breytingunni í tvö svæði, Glímeyri og Svarthamarsvík, sem skilin verða að með 100 metra bili. Eldissvæðið Hamraborg I er óbreytt. Heildarflatarmál eldissvæða mun því fara úr 6,4 km² í 6,8 km². Jafnframt verður breyting á eldisáætlun fyrirtækisins og hún aðlöguð að breyttum eldissvæðum. Sett verði út stærri seiði og fjöldi útsettra seiða í hverri kynslóð minnkar úr 5 milljónum seiða í 1,6 til 2,5 milljónir seiða. Fóðurnotkun verður minni eftir breytingu, að hámarki 14.540 tonn á ári. Hvíldartími verður áfram almennt 9-12 mánuðir en hann geti samt orðið styttri, að lágmarki 90 dagar.

Matvælastofnun álitur að náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu eldissvæði Fiskeldi Austfjarða, eldistegund eða eldisaðferð gefi ekki tilefni til neikvæðra vistfræði- eða erfðafræðiáhrifa. Fyrirhuguð framkvæmd gerir ráð fyrir kynslóðaskiptu sjókvíaldi þar sem ein kynslóð er alin á eldissvæðinu hverju sinni og eldissvæðið hvílt skv. ákvæðum reglugerðar um fiskeldi. Með kynslóðaskiptingu og hvíld eldissvæðis er stuðlað að því að ástand botns undir kvíastæði nái ásættanlegu ástandi milli kynslóða. Mikilvægt er að eldi hefjist ekki á ný að lokinni hvíld eldissvæða hafi hafsbotn ekki náð ásættanlegu ástandi samkvæmt viðmiðum Umhverfisstofnunar. Matvælastofnun telur að umhverfisáhrif vegna framkvæmdarinnar verði afturkræf verði starfseminni hætt. Eins og fram hefur komið þá hefur Matvælastofnun kynnt sér tilkynnta framkvæmd fyrirtækisins, rekstrarleyfisumsókn ásamt fylgigögnum, ákvörðun Skipulagsstofnunar um matskyldu og önnur gögn sem liggja fyrir við afgreiðslu málsins og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu.

Matvælastofnun staðfestir að framkvæmd Fiskeldis Austfjarða í Berufirði er í samræmi við tilkynnta framkvæmd.

3. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um breytingu á rekstrarleyfi Fiskeldis Austfjarða í Berufirði. Breytingin heimilar breytt eldissvæði, Glímeyri, Svarthamarsvík og Hamraborg I og eldisáætlun sem aðlöguð er að nýjum eldissvæðum.

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga og reglugerðar um fiskeldi.

Breyting á rekstrarleyfi tekur þegar gildi, en gildistími leyfisins helst óbreyttur og er til 21. mars 2029.

Selfossi, 19. ágúst 2021